

Fornleifaskráning vegna vinnu við deiliskipulag fyrir þjónustuhús við Sauðlauksdalskirkju, Vestur- Barðastrandarsýslu



Óskar Leifur Arnarsson
2020

*Mynd 1: Forsíðumyndin er sýnir grunn sem til stendur að reisa á þjónustuhús Sauðlauksdalskirkju.
(Mót norðaustur. Ljós. ÓLA).*

© Óskar Leifur Arnarsson, júlí 2020

Fornleifaskráning vegna vinnu við deiliskipulag fyrir þjónustuhús við Sauðlauksdalskirkju,
Vestur-Barðastrandarsýslu

Útgáfustaður: Patreksfjörður

Útgefandi: Óskar Leifur Arnarsson

Netfang: oskarar@gmail.com

Unnið fyrir Sauðlauksdalssókn.

Minjastofnun Íslands - auðkennisnúmer verkefnis: 2089

Heiti verkefnis: Fornleifaskráning vegna vinnu við deiliskipulag fyrir þjónustuhús við Sauðlauksdalskirkju, Vestur-Barðastrandarsýslu	Verknr. / Rannsóknarnr.(Minjastofnun Íslands): 2089
Sveitafélag / (Hreppur): Vesturbyggð (Rauðasandshreppur)	Sýsla: Vestur-Barðastrandarsýsla
Jörð / lögbýli: Sauðlauksdalur	Landnúmer (Þjóðskrá Íslands): Sauðlauksdalskirkja (landnr. 139918)
Verkkaupi: -	Landeigandi, heimilisfang:
Landmælingar Íslands – Herforingjaráðskort: 3 NA. Sauðlauksdalur - Vatneyri	Hnit: -
Gripir nr. (Sarpur): -	Sýni: -
Skýrsluhöfundar: Óskar Leifur Arnarsson	Tímabil vettvangsvinnu: Október 2019.
Verkefnisstjórar: Óskar Leifur Arnarsson	Dagsetning: Júlí 2020

☐

Verkefnið/skipulagið stangast ekki á við menningarminjalög

☒

Verkefnið/skipulagið stangast á við menningarminjalög

Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	1
2. Markmið og aðferðir.....	3
Tilgangur fornleifaskráninga.....	3
Af hverju fornleifaskráning?.....	5
Fornleifaskráning og aðferðir.....	5
Staðardagskrá 21 - sjálfbær þróun.....	6
3. Sögulegt yfirlit.....	7
Sauðlauksdalskirkja.....	8
4. Úttekt á deiliskipulagssvæði.....	9
Jarðvegsframkvæmdir og athugun jarðvegssniða vegna byggingar þjónustuhúss.....	10
Gamla íbúðarhúsið í Sauðlauksdal.....	12
Svör við afstöðu Minjastofnunar Íslands við byggingaráformunum.....	13
5. Niðurstöður.....	15
6. Heimildaskrá.....	17
7. Kort.....	19
8. Fornleifaskrá.....	21

1. Inngangur

Undirritaður var fenginn til að kanna aðstæður vegna jarðvegsframkvæmda við grunn að þjónustuhúsi og safnaðarheimili við Sauðlauksdalskirkju sem gert er ráð fyrir skv. þinglýstum lóðasamningi frá 2011. Þá var Sauðlauksdalskirkju úthlutað til eignar 6140 m² lóð (landnr. 139918) úr landi jarðarinnar Sauðlauksdals sem er eign ríkisins. Lóðin er innan túns jarðarinnar Sauðlauksdals, sunnan við bæjarstæðið. Núverandi kirkja var byggð árið 1863 og er reglulega notuð til kirkjulegra athafna. Hún var friðuð í A-flokki árið 1979 og alfriðuð skv. aldursákvæði árið 1990.¹ Búið er að grafa grunn og steypa undirstöður undir tvær einingar sem settar verða á staðinn og vinna stendur yfir við gerð deiliskipulags.

Framkvæmdasvæðið er innan lóðar Sauðlauksdalskirkju, í halla sunnan við suðvestur horn kirkjugarðsins; milli kirkjugarðsins og Bæjargils (Gils). Svæðið liggur lægra í landinu en kirkjugarðurinn og var staðarval þjónustuhúss ákveðið svo að byggingin yrði minna áberandi í umhverfinu.

Samkvæmt skipulagstillögunni verður þjónustuhúsið reist úr tveim samliggjandi einingum (2x15 m²). Á þær verður sett lágreist hallandi þak með mæni og þær klæddar og málaðar í stíl við kirkjuna til að þær falli vel inn í umhverfið. Sauðlauksdalssókn hóf þessa vinnu vegna þess að engin aðstaða er á staðnum fyrir starfsemi sóknarinnar, sóknarbörn eða prest. Í öðrum hlutanum verður geymsla m.a. fyrir garðverkfæri og búnað sem notaður er við greftranir. Í hinum hlutanum verður salerni og eldhúskrókur.

Guðbjartur Á. Ólafsson, tæknifræðingur sér um deiliskiplagsvinnuna.

Vettvangsathugun fór fram í október 2019. Fornleifkönnunin takmarkast við fyrrgreindar jarðvegsframkvæmdir og lóð Sauðlauksdalskirkju (sjá nánari mörk á korti). Ekki er um tæmandi upptalningu á fornleifum á jörðinni að ræða og fleiri fornleifar geta komið í ljós við framkvæmdir. Vegna óska og hugmynda frá Minjastofnun Íslands um annað staðarval fyrir þjónustuhús Sauðlauksdalssóknar, var fornleifaskráning aukin og svæðið norðvestan við lóð kirkjunnar og kirkjugarðinn skráð. Þetta svæði er bæjarstæðið sjálft.

Vettvangsathugun og skýrsluskrif annaðist Óskar Leifur Arnarsson, fornleifafræðingur. Skýrsluhöfundur vill þakka öllum þeim sem aðstoðuðu á einhvern hátt.

1 Kirkjur Íslands. Friðaðar kirkjur í Vestfjarðaprófastsdæmi I. 26. bindi (2017): 244

2. Markmið og aðferðir

Tilgangur fornleifaskráninga

Lög um menningarminjar nr. 80/2012 eiga að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögin að auðvelda aðgang og kynni af menningarminjum og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin skipulagsgerð skv. lögunum, en í 16. gr., IV. kafla segir: „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. ... Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna.“

Í 2. gr., I. kafla laganna eru þjóðminjar skilgreindar sem: „Þjóðminjar teljast jarðfastar minjar eða lausir gripir eða hlutir sem eru einstakir og hafa sérstaka merkingu og mikilvægi fyrir menningarsögu Íslands.“ Í sömu grein eru þjóðarverðmæti skilgreind sem: „hvers konar munir, gripir, myndir, skjöl, handrit og bækur í eigu opinberra stofnana, fyrirtækja, félagasamtaka eða einstaklinga sem hafa sérstaka þýðingu fyrir íslenska þjóðmenningu.“

Í 3. gr., I. kafla laganna eru fornminjar skilgreindar sem: „annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar. Forngripir eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngripa. Til forngripa teljast einnig leifar af líkömum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum.“

„Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.“

Um verndun fornleifa segir í 21. gr. VI. kafla: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.“

Í 22. grein segir: „Fornleifum sem eru friðlýstar skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Friðhelgað svæði umhverfis aðrar fornleifar, sem ekki eru friðlýstar en njóta friðunar, skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið.“

Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaaðilum að gera Minjastofnun Íslands viðvart með sannanlegum hætti og minnst fjögurra vikna fyrirvara ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar. Eins er hverjum þeim sem verður var við að fornleifar liggi undir skemmdum skylt að láta sömu stofnun vita án tafar (sjá 23. gr., VI. Kafla).

Ef óþekktar fornminjar koma í ljós, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli skal Minjastofnun Íslands gert viðvart svo fljótt sem unnt er.

Þá skal sá sem fyrir framkvæmdum stendur stöðva þær án tafar og hafa samband við Minjastofnun Íslands ef óþekktar fornminjar finnast á framkvæmdasvæði. Skriflegt leyfi Minjastofnunar Íslands þarf til að hefja framkvæmdir að nýju á fundarstað fornminja (sjá 24. gr., VI. Kafla).

Af hverju fornleifaskráning?

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausum. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum við skipulagsvinnu og vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókn- eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa og aukins kostnaðar á viðkomandi verki.

En það er ekki aðeins lagaleg ástæða fyrir því að fornleifar eru skráðar. Ástæður eins og fræðilegar, menningarlegar, siðferðislegar og sögulegar geta þar einnig komið til. Saga og minjar eru mikilvægur hluti af þjóðarímynd Íslendinga. Yngri rústir eru mikilvægar til að varpa ljósi á eldri minjar og búsetusögu svæðis. Til að yfirvöld sem fara með minjavörslu geti sinnt hlutverki sínu varðandi fornleifar, verða þau að hafa yfirsýn yfir hvaða minjar eru til og staðsetningu þeirra.

Fornleifarnar geyma upplýsingar sem hvergi annars staðar er að finna. Þessar upplýsingar eru ekki geymdar í handritunum eða safngripum. Upplýsingar um líf og störf genginna kynslóða og sögu persónanna sem landið byggðu. Einnig gefa fornleifarnar innsýn inn í daglegt amstur og lífsafkomu íbúanna. „Hvort sem okkur líkar það betur eða verr, voru þessar rústir hluti af tilverunni og veruleikanum og þess vegna eru þær mikilvægar fyrir þjóðina, sögu hennar og ímynd. Ef hún eyðir þeim, eyðir hún hluta af sjálfri sér“²

Fornleifaskráning og aðferðir

Við fornleifaskráninguna er farið eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands frá 2013 með síðari tíma viðbótum og breytingum.

Við undirbúning og úrvinnslu voru fyrirbyggjandi heimildir athugaðar, svo sem jarðabækur, örnefnaskrár og fornrit. Þá var einnig rætt við heimildarmenn. Fornleifaskráning á vettvangi var takmörkuð við það svæði sem verið er að deiliskipuleggja. Gengið var skipulega um svæðið. Hver minjastaður var hnitsettur (ÍSN93), honum lýst, ljósmyndaður og teiknaður þegar við átti.

Þá var einnig notast við hnitsetta loftmynd frá Loftmyndum ehf. til staðsetningar á fornleifum og farið var yfir eldri kort og loftmyndir frá Landmælingum Íslands. Kortin eru unnin í QuantumGIS.

Fornleifar sem eru skráðar fá hver sitt númer eftir stöðlum Minjastofnunar Íslands. Númerið byggir á

2 Bjarni F. Einarsson (2007): 7

verknúmeri verkefnisins sem fæst við stofnun þess í kortavefsjá Minjastofnunar Íslands og hlaupandi númeri innan verkefnisins (d. Verknúmer 2089, staðsetning eldri kirkna 2089-1). Metið er hvort fornleifar á sama svæði tilheyra ákveðinni minjaheild út frá stöðlum Minjastofnunar Íslands.³

Ekki má líta svo á að um tæmandi fornleifaskráningu á vettvangi sé að ræða og óþekktar fornleifar geta óvænt komið í ljós við framkvæmdir.

Staðardagskrá 21 - sjálfbær þróun

Árið 1992 sendi Heimsráðstefna Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun sem haldin var í Rio de Janeiro frá sér ályktun. Ályktunin *Dagskrá 21* eða *Framkvæmdaáætlun 21* (e. *Agenda 21*) miðar að því að hvetja þjóðir heims til vitundarvakningar um sjálfbæra þróun.

Staðardagskrá 21 miðar að því að allar sveitastjórnir heimsins geri með sér áætlun um sjálfbæra þróun samfélagsins og þau verk sem vinna þarf til að ná þeim markmiðum. Sjálfbær þróun samfélags tekur mið af félagslegum, hagrænum, menningarlegum og vistfræðilegum þörfum núlifandi íbúa og komandi kynslóða. Í skýrslu um Staðardagskrá 21 frá 2009 segir að Vesturbyggð hafi samþykkt Ólafsvíkuryfirlýsinguna árið 2006. Þar er Vesturbyggð sett í flokk með sveitafélögum sem hafa „einhver önnur tengsl við Staðardagskrárkerfið“.⁴ Í skýrslu um *aðalskipulag Vesturbyggðar 2006-2018* segir að „Vesturbyggð er ekki eitt þeirra sveitarfélaga sem tekið hefur þátt í gerð Staðardagskrár 21 ... eða samþykkt Ólafsvíkuryfirlýsinguna.“⁵ Þó er bent á að nokkur viðfangsefni Staðardagskrár 21 og aðalskipulags fléttist saman, en á það er bent að stefnu sé ekki framfylgt varðandi verndun fornleifa og annarra menningarminja.⁶ Þetta þarf að skoða nánar og æskilegt að Vesturbyggð geri áætlun varðandi menningarminjar og skipulagsgerð.

Grundvöllur sjálfbærrar þróunar fornleifa er fólgin í ítarlegri fornleifaskráningu. Til að geta unnið að skipulagsgerð og tekið ákvarðanir um örlög þeirra minja sem finnast á tilteknu svæði, er nauðsynlegt að þekkja hvað finnst. Með skráningu fornleifa fæst vitneskja um hvort að stök rúst eða minjasvæði sé einstakt fyrir svæðið, hvort um sé að ræða fornleifar sem eru dæmigerðar og góður fulltrúi fyrir svæðið eða hvort um sé að ræða minjar sem á sér margar líkar. Þetta verður allt að liggja fyrir áður en ákvörðun um framhaldið er tekin, hvort minjar eigi að vernda sérstaklega eða fórna og þessi vitneskja fæst einungis með fornleifaskráningu.⁷

3 Minjastofnun Íslands (2013) og Oddgeir Isaksen (2016).

4 Stefán Gíslason. (2010)

5 Yngvi Þór Loftsson, Óskar Örn Gunnarsson og Margrét Ólafsdóttir (2006 / 2008): 15

6 Yngvi Þór Loftsson, Óskar Örn Gunnarsson og Margrét Ólafsdóttir (2006 / 2008): 16

7 Bjarni F. Einarsson og Sandra Sif Einarisdóttir (2008): 9

3. Sögulegt yfirlit

Fornleifaskráning þessi var gerð vegna deiliskipulags sem verið er að vinna fyrir Sauðlauksdalssókn sem hyggst byggja lítið þjónustuhús á lóð Sauðlauksdalskirkju (landnr. 139918), Vestur-Barðastrandarsýslu. En skv. þinglýstum lóðasamningi frá 2011 er gert ráð fyrir þjónustuhúsi og safnaðarheimili á eignarlóð kirkjunnar sem er 6140 m². Búið er að grafa grunn og steypa undirstöður undir tvær einingar sem settar verða á staðinn og vinna stendur yfir við gerð deiliskipulags.

Framkvæmdasvæðið sem er innan lóðar Sauðlauksdalskirkju, er í halla sunnan við suðvestur horn kirkjugarðsins; milli kirkjugarðsins og Bæjargils (Gils). Svæðið liggur lægra í landinu en kirkjugarðurinn og þannig ætlað að vera ekki eins áberandi.

Hér verður saga Sauðlauksdals ekki rakin nákvæmlega, enda nær fornleifaúttektin einungis til kirkjulóðarinnar en ekki allrar jarðarinnar. Sauðlauksdalur liggur innan landnáms Þórólfs spörrs og má telja líklegt að byggð hafi hafist þar fljótlega eftir landnám, þó þess sé ekki getið. Um landnám svæðisins eru *Sturlubók* og *Hauksbók Landnámabókar* nánast samhljóma nema að *Sturlubók* getur þess að landnámsbýlið hafi verið Hvallátrar. Þar segir: „*Þórólfr spörr kom út með Örlygi ok nam Patreksfjörð fyrir vestan ok víkr fyrir vestan Barðnema Kollsvík; ... Þórólfr nam ok Keflavík fyrir sunnan Barð ok bjó at Hvallátrum.*“⁸ Orðalag *Melabók Landnámabókar* er aðeins frábrugðið en landnámið er það sama. Landnám Þórólfs hefur því verið sunnanverður Patreksfjörður út í Blakk, Útvíkur og Keflavík að undanskilinni Kollsvík.

Sauðlauksdals er getið í skrá Páls biskups Jónssonar frá um 1200, um þær kirkjur í Skálholtsbiskupsdæmi sem presta þarf til að fá.⁹ Jarðarinnar er einnig getið í Sturlunga sögu í sambandi við ferð Guðmundar góða Arasonar biskups þangað árið 1200.¹⁰ Fyrr á öldum var þar bænhús eða hálfkirkja. En árið 1505 jók Stefán Jónsson Skálholtsbiskup rétt bænhússins í Sauðlauksdal til þess að þar mætti vígja saman hjón, skíra börn, leiða konur í kirkju og greftrun.¹¹ Frá svipuðum tíma er til varðveittur máldagi Sauðlauksdalskirkju.¹² Þessi breyting skapaði þó deilur vegna þess að við þetta missti kirkjan í Saurbæ á Rauðasandi tekjur og hlunnindi. En klerkar samþykktu þessar breytingar Stefáns biskups á prestastefnu árið 1512.¹³ Gjafir Jóns Jónssonar Íslendinga og Dýrfinnu Gísladóttur til kirkju í Sauðlauksdal styrktu hana í sessi og varðveitt er

8 Íslendingabók Landnámabók (1968): 175

9 D.I. Íslenskt fornbréfasafn (1923-1932), 12. bindi: 13

10 Sturlunga saga (1988): 178

11 D.I. Íslenskt fornbréfasafn (1903-1907), 7. bindi: 795-6

12 D.I. Íslenskt fornbréfasafn (1903-1907), 7. bindi: 80

13 D.I. Íslenskt fornbréfasafn (1906-1913), 8. bindi: 390-91

gjafabréf m.a. frá 1514 þar sem þau gefa kirkjunni ítök og eignir víða.¹⁴ Kirkjan var svo formlega vígð af Stefáni biskup árið 1515 og samkvæmt máldaga þeim sem þá var settur heyrðu allir bæir frá Tálkna að Straumnesi (Blakksnesi) með rétti og rentu undir Sauðlauksdalsókn.¹⁵ Í *Jarðabók* Árna og Páls sem tekin er saman í upphafi 18. aldar er jarðardýrleiki Sauðlauksdals metinn 30 hdr. með báðum Dalshúsum sem voru hjáleigur metnar á 10 hdr. saman. Alkirkja var í Sauðlauksdal í upphafi 18. aldar og þangað áttu sókn íbúar úr Patreksfirði. Eigandi jarðarinnar þá var Guðrún Eggertsdóttir á Saurbæ.¹⁶ Þéttbýli tók að myndast á Eyrum (Vatneyri og Geirseyri) við Patreksfjörð á 19. öld, en sóknarkirkjan var þó í Sauðlauksdal þar til ný kirkja var vígð árið 1907 og sókninni og hreppnum skipt upp.¹⁷

Frekari fróðleik um kirkjuna í Sauðlauksdal og sögu staðarins má m.a. finna í grein Rósinkrans Árna Ívarssonar *Ágrip af sögu kirkju og presta í Sauðlauksdal* í *Árbók Barðastrandarsýslu* árið 2006 og bókunum *Í manns munni. Kirkjustaðir á Vestfjörðum. Barðastrandarsýsla* (2005) og *Kirkjur á Íslandi*, 26. bindi (2017).

Sauðlauksdalskirkja

Núverandi kirkja í Sauðlauksdal var byggð árið 1863. Áður höfðu staðið torfkirkjur á staðnum. Ekki er vitað hvort núverandi kirkja var byggð á sama stað og eldri torfkirkjur höfðu staðið á áður, en það er heldur ekkert sem segir að kirkjustæðið hafi verið fært. Sr. Magnús Gíslason stóð fyrir framkvæmdinni, en forsmiður kirkjunnar er



Mynd 2: Sauðlauksdalskirkja sjéð til suðausturs. Ljós. ÓLA.

ekki nafngreindur. Tilgáta hefur verið sett um að það hafi verið danskur maður, Niels Björnsson, en hann vann að endurgerð Flateyjarkirkju árið 1865. Kirkjan er af einfaldri gerð, rúmlega 11 metrar að lengd og 5,4 metrar á breidd. Breytingar voru gerðar á henni á árunum 1901-1902 og á árunum 1995-1997 var hún endurbyggð að miklu leyti. Sauðlauksdalskirkja var friðuð í A-flokki árið 1979 og alfriðuð skv. aldursákvæði árið 1990.¹⁸

14 D.I. Íslenskt fornbréfasafn (1906-1913), 8. bindi: 517

15 D.I. Íslenskt fornbréfasafn (1906-1913), 8. bindi: 569-70

16 Árni Magnússon og Páll Vídalín (1938): 325-6

17 Kirkjur Íslands. Friðaðar kirkjur í Vestfjarðaprófastsdæmi I. 26. bindi (2017): 200-201

18 Kirkjur Íslands. Friðaðar kirkjur í Vestfjarðaprófastsdæmi I. 26. bindi (2017): 244-245

4. Úttekt á deiliskipulagssvæði

Deiliskipulagssvæðið sem er lóð Sauðlauksdalskirkju liggur innan gamla heimatúnsins (nr. 2089-11) sunnan við bæjarstæðið í Sauðlauksdal. Gamla túnið hefur breyst mikið á síðustu öldum vegna uppblásturs og sandfoks. Þetta má t.d. greina á ljósmynd sem tekin er eftir að gamla íbúðarhúsið (nr. 2089-5) var byggt 1902 og á túnakorti frá 1920, en þar lítur út fyrir að uppblástursmörkin séu komin upp undir bæjarstæðið og kirkjugarðinn að austanverðu. Um er að ræða gulan skeljasand sem er mjög léttur og foggjarn. Sauðlauksdalskirkja var byggð árið 1863 og var kirkjustæðið (nr. 2089-1) og kirkjugarðurinn (nr. 2089-2) skráðir sem minjar innan deiliskipulagssvæðisins. Kirkjugarðurinn er enn í notkun. Kirkjan var friðuð í A-flokki árið 1979 og alfriðuð skv. aldursákvæði árið 1990.¹⁹ Bæjarstæðið (nr. 2089-4, 5, 6 og 7) og kirkjan eru ofarlega í brekku sem hallar til austurs. Í vestur jaðri deiliskipulagssvæðisins var svo matjurtagarður (nr. 2089-3).




Mynd 3: Sauðlauksdalur á árunum 1902-1917. Víða sést uppblástur, m.a. á milli bæjar og kirkju. (Ljós. Bent Bjarnason / Þjms. Lpr.-3884 – Sarpur.is)

Skráðar voru minjar hlaðins kjallara gamla íbúðarhússins og bæjarstæðið utan við deiliskipulagssvæðið. Leita verður álitis Minjastofnunar Íslands ef til stendur að framkvæma utan við deiliskipulagssvæðið, þó þar séu minjar sem hafa verið skráðar. Til þess getur komið að grafa þurfi könnunarskurði til að kanna hvort minjar leynist innan byggingareits, en Minjastofnun Íslands tekur ákvörðun um slíkt. Ef áður óþekktar fornminjar koma í ljós við hverskyns framkvæmdir, ber samkvæmt menningarminjalögum að stöðva framkvæmdir strax og gera Minjastofnun Íslands viðvart.

¹⁹ Kirkjur Íslands. Friðaðar kirkjur í Vestfjarðaprófastsdæmi I. 26. bindi (2017): 244

Jarðvegsframkvæmdir og athugun jarðvegssniða vegna byggingar þjónustuhúss

Sókn Sauðlauksdalskirkju hyggst reisa lítið tvískipt þjónustuhús. Annar hlutinn verður m.a. undir áhöld sem notuð eru m.a. við garðslátt og grafartöku og í hinum hlutanum verður salerni og kaffiaðstaða. Þessi viðbót mun stórbæta aðstöðu safnaðarins. Skv. þinglýstum lóðasamningi frá 2011 er einnig gert ráð fyrir því að þjónustuhús og safnaðarheimili verði á eignarlóð kirkjunnar sem er 6140 m². Byggingarreiturinn sem er innan lóðar Sauðlauksdalskirkju, er í halla sunnan við suðvestur horn kirkjugarðsins; milli kirkjugarðsins og Bæjargils (Gils). Svæðið liggur lægra í landinu en kirkjugarðurinn og hallar niður að læknum.




Mynd 4: Skipulagstillaga fyrir þjónustuhús við Sauðlauksdalskirkju. Tillagan gerir ráð fyrir því að útlit hússins og klæðning verði í stíl við kirkjuna. (Guðbjartur Á. Ólafsson, 2019)

Haustið 2019 var grafinn grunnur og steyppt fyrir undirstöðum þjónustuhússins. Ekki var gerð fornleifaathugun áður en framkvæmdir hófust. Undirritaður skoðaði svæðið í október sama ár þegar búið var að steypa sökkul. Eins og áður hefur komið fram í gögnum sem skilað var inn vegna kynningar á framkvæmdinni voru engar minjar sjáanlegar í jarðvegssniðum sem voru opin við sökkulinn og frárennisskurði. Þar voru einungis sýnileg hrein foksandslög með smá jarðvegslinsum á milli. Ekkert grjót eða gripir voru sjáanleg í sniðum eða uppmokstri. Samkvæmt Borgari Þórisssyni sem gróf grunninn, komu engir gripir eða hleðslur í ljós við framkvæmdina. Árið 2017 tók skýrsluhöfundur þátt í að taka gróf í kirkjugarði Sauðlauksdals. Við grafartökuna komu í ljós leifar grjóthlaðins kirkjugarðsveggs á um 1 meters dýpi undir yfirborði og náði grjótið um 1 meter niður á grafarbotn. Jarðvegssniðið samanstóð af hreinum foksandi með þunnum jarðvegslinsum á milli. Engir gripir eða aðrar minjar en kirkjugarðsveggurinn komu í ljós við umrædda grafartöku og ekki var komið niður á aðrar grafir.

Ljóst er því af ofangreindu að þykk foksandslög með þunnum jarðvegslinsum á milli eru í vesturhluta kirkjugarðsins og suðvestan við hann. Ekki fundust heimildir um minjar innan byggingareitsins og ólíklegt að mannvirki hafi verið reist svo nálægt Bæjargili áður.



Mynd 5: Hreinsað snið í norðvestur horni grunnsins fyrir þjónustuhúsið. Sjá má ljós foksandslög með þunnum dökkum jarðvegslinsum á milli. (Ljós. ÓLA)



Mynd 6: Séð eftir skurði fyrir frárennislagnir frá þjónustuhúsinu mót suðaustur. Undir yfirborðinu er ljós foksandur. (Ljós. ÓLA)

Gamla íbúðarhúsið í Sauðlauksdal

Á bæjarstæði Sauðlauksdals stendur hlaðinn og steinlímduð kjallari gamla íbúðarhússins (nr. 2089-4). Húsið lét sr. Þorvaldur Jakobsson prestur reisa árið 1902. Ofan á kjallaranum stóð í upphafi járnklætt timburhús en það var rífið upp úr miðri 20. öld og kjallaranum breytt í útihús. Í upphafi var grunnmál hússins um 7,53x7,53 metrar.²⁰

Samkvæmt fornleifaskráningu Guðmundar Ólafssonar var grjótt úr gamla bænum líklega notað í þegar húsið var byggt. Síðar var byggð við húsið skemma til norðausturs og mælist eftir það um 8x16 metrar. Finnbogi Rútur Þorvaldsson, sonur sr. Þorvalds Jakobssonar, hlóð viðbygginguna.²¹

Bílskúrin sem er nyrsti hluti hússins er frá miðri 20. öld.

Sauðlauksdalur var prestsetur til 1963, en búsetu lauk þar alveg árið 1975. Eftir að fastri búsetu lauk á staðnum má segja að hús staðarinn hafi verið í niðurníðslu, að undanskyldri kirkjunni sem er mjög vel við haldið.

Sveitafélagið Vesturbyggð hefur jörðina á leigu en hefur ekki sinnt viðhaldi á húsum eða hlúð að öðru leiti að jörðinni. Árið 2012 voru stofnuð *Hollvinasamtök gamla prestsbústaðarins í Sauðlauksdal*.²² Ekki er vitað til þess að nokkuð hafi gerst síðan varðandi húsið. Því hafa veður og vindar haldið áfram að vinna á því og staðan orðin alvarleg vegna fokhættu. Þakið er orðið laust af kjallaranum að hluta

og farið að síga og gliðna á suðvestur gafl. Þá er hleðsla í norðaustur gafl að hluta hrunin. Í slæmu veðri gætu því skapast þær aðstæður að brak úr húsinu fyki kirkjuna. Umsjónarmenn kirkjunnar hafa ítrekað látið Ríkiseignir, Lögregluna á Patreksfirði og Vesturbyggð vita af ástandi hússins, en ekkert hefur gerst. Í nokkur skipti hafa liðsmenn í björgunarsveitinni Bræðrabandinu í Rauðasandshreppi fest þakplötur eða gert aðrar ráðstafanir til að ekki hlytist af fokhættu.

20 Birgir Þórisson (2011): 300-301

21 Guðmundur Ólafsson (1995): 39

22 Morgunblaðið (17.3.2012): 22



Mynd 7: Suðvestur gaflinn séð mót norður í febrúar 2020. (Ljósm. ÓLA)



Mynd 8: Nærmynd af suðvesturgaflinum í febrúar 2020. Þakið er sigið út fyrir veggina og gaflinn að gliðna og losna frá. (Ljósm. ÓLA)



Mynd 9: Hleðsla í norðaustur gafl hrunin og þakið sigið, október 2019. (Ljósm. ÓLA)

Svör við afstöðu Minjastofnunar Íslands við byggingaráformunum

Í afstöðu Minjastofnunar Íslands sem barst 27. janúar sl. er ekki mælt með byggingarframkvæmdum á þessum stað vegna breyttrar ásýndar og hugsanlegra minja undir sverði. Þar segir að m.a. að fyrirhugað þjónustuhús verði „mjög áberandi í staðarmynd Sauðlauksdals“ og það muni hafa „truflandi áhrif á ásýnd kirkju og kirkjugarðs og upplifun“ gesta. Þá séu „miklar líkur á því að minjar séu að finna undir jarðvegsyfirborði“.²³

Við síðustu skýringunni má benda á að ekkert bendir til að minjar séu í byggingarreitnum og ólíklegt að áður hafi verið reist mannvirki á þessum stað í halla niður að Bæjargili. Auk kirkjunnar frá 1863 standa nú tvö hús á bæjarstæði Sauðlauksdals. Annarsvegar hlaðinn kjallari gamla íbúðarhússins sem byggt var árið 1902 og svo nýrra íbúðarhúsið sem byggt var 1955. Ofan á hlaðna kjallarann var í upphafi járnklætt timburhús en það var rífið upp úr miðri 20. öld og kjallaranum breytt í útihús. Lítið samræmi er því í þeim byggingum sem nú standa á bæjartorfunni í Sauðlauksdal. Þjónustuhúsinu var valinn staður sem er lítt áberandi í umhverfinu, þ.e. í hallandi lægð við suðvestur horn kirkjugarðsins. Til stendur að hafa útlit þess og klæðning í stíl við kirkjuna. Aðkoma að Sauðlauksdal er eftir heimkeyrslunni sem liggur í suðsuðvestur heim að bæjarstæðinu framhjá hlöðnum kjallara gamla íbúðarhússins sem er í mikilli niðurníðslu og að hruni kominn og yngra íbúðarhúsinu sem hefur verið í mikilli niðurníðslu en til stendur að gera upp. Kirkjan og kirkjugarðurinn eru neðan við heimkeyrsluna og bílastæði. Aðkoma gesta og fyrsta sýn á kirkjuna er því mót suðaustur og austur eftir að komið er framhjá fyrrgreindum húsum. Ætluð staðsetning þjónustuhússins ætti því ekki að spilla upplifun og ásýnd kirkjunnar og kirkjugarðsins sérstaklega.

Í afstöðu Minjastofnunar er mælt með því að finna aðstöðuhúsinu nýjann stað og í því sambandi bent á hlaðinn kjallara (í afstöðunni kallaður „tóft“) gamla íbúðarhússins eða við það. En það er margt sem mælir gegn þeirri staðsetningu. Fyrst má benda á það að sú bygging er ekki innan eignarlóðar Sauðlauksdalskirkju og ekki á hennar ábyrgð. Kjallarinn er aldursfriðaður og stendur auk þess á eða við bæjarhól Sauðlauksdals. Skv. fornleifaskráningu sem gerð var 1994 stóð síðasti torfbærinn þar rétt fyrir ofan.²⁴ Á þessu svæði eru því miklar líkur á að komið sé niður á fornminjar við hverskonar jarðrask. Sauðlauksdalssókn hefur ekki í huga að ráðast í fornleifarannsóknir. Þá er ástand byggingarinnar slæmt eins og áður segir og dýrari framkvæmd en sóknin hefur ætlað sér.

Þann 3. febrúar sl. sendi undirritaður fyrirspurn í tölvupósti til Ingu Sóleyjar Kristjönudóttur, starfandi minjavarðar á Minjastofnun Íslands, sem hefur með framkvæmdirnar í Sauðlauksdal að

²³ Inga Sóley Kristjönudóttir, bréf 27. janúar 2020. *MÍ201911-0018/6.06/I.S.K.*

²⁴ Guðmundur Ólafsson (1995): 39

gera. Spurt var hvort að starfsmenn Minjastofnunar Íslands hefðu komið á staðinn til að skoða aðstæður sl. haust eða í vetur. Einnig var spurt hvort komið hefðu athugasemdir vegna framkvæmdarinnar og ef svo, hverjar. Fyrirspurninni var aldrei svarað skriflega, en fyrrgreindur minjavörður sem hefur með málið að gera gat ekki svarað símleiðis hvort einhver starfsmaður Minjastofnunar hefði mætt til að skoða aðstæður árið 2019. Hún taldi að einhver athugasemd hefði komið en vissi ekki nánar um þær.

Afstaða Minjastofnunar Íslands verður að tejust óvenjuleg í þessu máli. Sérstaklega ef horft er til framkvæmda við tvær aðrar friðaðar kirkjur í Vesturbyggð. Annarsvegar er um að ræða byggingu íþróttamiðstöðvarinnar Bröttuhlíðar sem gnæfir við hlið Eyrakirkju á Patreksfirði. Hins vegar eru allar þær framkvæmdir sem hafa verið í grennd kirkjunnar og gamla barnaskólans á Bíldudal, en þrengt hefur verið verulega að þessum byggingum á síðustu árum með stórum verksmiðjuhúsum. Ekki hefur farið mikið fyrir því að Minjastofnun Íslands hafi reynt að stöðva eða hafa áhrif á þessar framkvæmdir í nágrenni umræddra friðaðra bygginga.



Mynd 10: Þrengt hefur verið að Eyrakirkju á Patreksfirði (reist á árunum 1904-7) að austan verðu með byggingu íþróttamiðstöðvar. Ljós. ÓLA



Mynd 11: Framkvæmdir á Bíldudalseyri hafa þrengt mikið að Bíldudalskirkju (reist 1905-6) og gamla barnaskólanum (reist 1906). Ljós. ÓLA.

Byggingarfulltrúinn í Vesturbyggð lét fara fram grenndarkynningu vegna framkvæmdar Sauðlauksdalssóknar, en engar athugasemdir bárust fyrir 19. desember 2019. Þessi grenndarkynning er að sumu leiti óvenjuleg, þar sem að byggingarframkvæmdir eru um allt í sveitarfélaginu án þess að það fari fram grenndarkynningu.

Af samtölum við íbúa í Sauðlauksdalssókn og sóknarprest virðist fólk almennt vera fylgjandi þessari framkvæmd, enda mun hún vera til bóta fyrir starfsemi kirkjunnar. En þessir aðilar hafa jafnframt velt fyrir sér hvort athugasemdirnar sem bárust Minjastofnun Íslands vegna framkvæmdarinnar séu frá einstaklingi/-um sem ekki býr í sókninni og nýtir ekki þjónustu kirkjunnar að staðaldri.

5. Niðurstöður

Eitt af meginmarkmiðum fornleifaskráningar er að vera skipulagsyfirvöldum innan handar við að standa vörð um fornleifar og marka stefnu í minjavernd og skipulagsmálefnum. Fornleifaskráningu lýkur í raun aldrei, bæði vegna þess að nýjar óþekktar minjar geta komið í ljós og eins vegna aldurskilgreiningar á fornleifum í *lögum um menningarminjar*. Samkvæmt þeim teljast fornleifar vera hvers kyns mannvistarleifar 100 ára og eldri og því bætast nýjar minjar við árlega.

Alls voru skráðir 11 stakir minjastaðir og tengjast þeir allir kirkju- og bæjarstæði jarðarinnar Sauðlauksdals. Deiliskipulagssvæðið er innan gamla heimatúnsins (nr. 2089-11) þar sem búast má við mestum þéttleika minja og innan deiliskipulagssvæðisins lenda 6 staðir; staðsetning eldri kirkna (nr. 2089-1), kirkjugarður (nr. 2089-2), matjurtagarður (nr. 2089-3), óþekktir kofar (nr. 2089-4 og 9) og traðir (nr. 2089-10). Ekki fundust merki um minjar á framkvæmdasvæðinu sjálfu og undirritaður telur litlar líkur á minjum þar. Vegna afstöðu Minjastofnunar Íslands var sá hluti bæjarstæðisins í Sauðlauksdal einnig skráður sem stofnunin benti á sem hentugra svæði fyrir þjónustuhús, þó það sé utan lóðar kirkjunnar. Fast norðvestan við lóð Sauðlauksdalskirkju eru minjar og heimildir um bæjarstæði staðarins (nr. 2089- 5, 6, 7 og 8) og miklar líkur á fleiri minjum. Sjá nánar um hvern minjastað og verndargildi hans í kafla 8, aftast í skýrslunni. Árið 1994 var gerð fornleifaskráning á bæjarstæði Sauðlauksdals og vitneskja því um mikinn þéttleika minja þar. Svo er lítið samræmi í stíl uppistandandi bygginga á jörðinni. Afstaða Minjastofnunar verður því að teljast undarleg.

Fyrirhugað skipulag stangast á við *Lög um menningarminjar nr. 80/2012*, vegna nálægðar við kirkjugarðinn (nr. 2089-2) og eins vegna þess að skipulagssvæðið er innan gamla heimatúnsins (nr. 2089-11). Kirkjugarðar eru þó þeir staðir sem reglulega er grafið í án aðkomu fornleifafræðinga. Sjá nánar í kafla 4.

Það skal áréttað að aðrar fornleifar en friðlýstar fornleifar njóta 15 metra friðhelgi og skal hafa það í huga varðandi allar framkvæmdir innan skipulagssvæðisins. Reynslan hefur sýnt að undir yngri minjum leynast oft eldri minjar. Sérstök aðgát skal höfð við framkvæmdir og rask í nágrenni skráðra fornleifa. Þetta á ekki einungis við um byggingaframkvæmdir, heldur einnig framkvæmdir eins og við lagningu neysluvatns, frárennslis, rafmagns, heimkeyrslna, trjáræktar o.fl. Lögð er áhersla á að samkvæmt *menningarminjalögum* ber að stöðva framkvæmdir strax og gera Minjastofnun Íslands viðvart ef áður óþekktar fornminjar koma í ljós við jarðrask á framkvæmdatíma.

Patreksfjörður, 28. júlí 2020

Óskar Leifur Arnarsson

6. Heimildaskrá

- Ágúst Sigurðsson. (2005). *Í manns munni. Kirkjustaðir á Vestfjörðum. Barðastrandarsýsla*. Þingeyri: Vestfirski forlagið.
- Árni Björnsson, Sigríður Björk Jónsdóttir, Þór Magnússon og Guðmundur Rafn Sigurðsson. (2017). „Patreksfjarðarkirkja“ og „Sauðlauksdalskirkja“. Í Þorstienn Gunnarsson og Jón Torfason (ritstj.), *Kirkjur Íslands. Friðaðar kirkjur í Vestfjarðaprófastsdæmi I*. 26. bindi. (bls. 240-287). Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands, Minjastofnun Íslands, Biskupsstofa og Gamla sjúkrahúsið / Safnahúsið Ísafirði.
- Árni Magnússon og Páll Vídalín. (1938). *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Dala- og Barðastrandarsýsla*. VI. bindi. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag. [Reykjavík: Sögufélagið. Ljósprentuð útgáfa 1983.]
- Birgir Þórisson (ritstj.). (2011). *Vestfjarðarit III. Fólkið, landið og sjórinn. Vestur-Barðastrandarsýsla 1901-2010*. Útgáfufélag Búnaðarsambands Vestfjarða.
- Bjarni F. Einarsson. (2007). „Minjavernd er umhverfisvernd.“ *Eldjárn*. 2. árg. 1. tbl. s. 6-8
- Bjarni F. Einarsson og Sandra Sif Einarsdóttir. (2008). *Fornleifaskrá Reykjanesbæjar*. Reykjavík: Fornleifafræðistofan.
- Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn*. 7. bindi. 1170-1505. Hið íslenzka bókmenntafjelag, Reykjavík, 1903-1907.
- Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, ...* 8. bindi. 1261-1521. Hið íslenzka bókmenntafjelag, Reykjavík, 1906-1913.
- Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, ...* 12. bindi. 1200-1554. Hið íslenzka bókmenntafjelag, Reykjavík, 1923-1932.
- Guðmundur Ólafsson. (1995). *Fornleifaskráning í Rauðasandshreppi, Vesturbyggð, V-Barðastrandarsýslu*. 20.-26. ágúst 1994. Rannsóknarskýrslur Fornleifadeildar 1994, VII. Reykjavík: Fornleifadeild Þjóðminjasafns Íslands.
- Inga Sóley Kristjónudóttir, verkefnastjóri á Minjastofnun Íslands. Bréf dagsett 27. janúar 2020. MÍ201911-0018 / 6.06 / I.S.K.
- Íslendingabók Landnámabók*. (1968). Jakob Benediktsson (gaf út). Íslensk fornrit, I. bindi. Reykjavík: Hið íslenzka fornritafélag.
- J. Johnsen. (1847). *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn.
- Lög um menningarminjar nr. 80, 29. júní 2012. <http://www.althingi.is/altext/stjt/2012.080.html>
- Helgi Bjarnason (17.3.2012) „Minnt á sögu staðarins“. Morgunblaðið. 100. árg. 65. tbl. s. 22
- Minjastofnun Íslands. *Sauðlauksdalskirkja. Friðuð hús og mannvirki*. Sótt 15. desember 2019. <http://www.minjastofnun.is/hus-og-mannvirki/fridlyst-hus-og-mannvirki/vestfirdir/nr/541>
- Oddgeir Isaksen og Orri Vésteinsson. (2015, 21. október). „Fornleifar þurfa ekki að koma á óvart.“ *Fréttablaðið*, bls. 15.
- Oddgeir Isaksen (2016). *Leiðbeiningar Minjastofnun Íslands 1. Skil á fornleifaskráningargögnum. Landupplýsingagögn: Punktaskrár, línu- og flákagögn*. Reykjavík: Minjastofnun Íslands.

http://www.minjastofnun.is/media/skjol-i-grein/Skilaferli-skraningargagna_leidbeiningar_uppf.pdf

Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir (1997). *Menningarminjar í Vesturbyggð. Svæðisskráning*. FS031-96041. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands ses.

Rósinkrans Árni Ívarsson. (2006). „Ágrip af sögu kirkju í Sauðlauksdal.“ *Árbók Barðastrandarsýslu*. 17. árg., 2006. Sögufélag Barðastrandarsýslu.

Sauðlauksdalur lóð 1 – þjónustuhús. Deiliskipulagstillaga. Guðbjartur Á. Ólafsson, 2019.

Skráningarstaðlar fornleifa. (2013). Minjastofnun Íslands.

http://www.minjastofnun.is/media/skjol-i-grein/skraningarstadlar_2013_fornleifar.pdf

Stefán Gíslason. (2010). *Staðardagskrá 21 á Íslandi. Lokaskýrsla um samstarfsverkefni Sambands íslenskra sveitarfélaga og umhverfissráðuneytisins 1998-2009*. www.samband.is/media/sjalfbaer-throun---stadardagskra-21/Lokaskyrsla_SD21_Island_agust2010.pdf

Sturlunga saga. (1988). Örnólfur Thorsson (ritstj.). Reykjavík: Svart á hvítu.

Yngvi Þór Loftsson, Óskar Örn Gunnarsson og Margrét Ólafsdóttir. (mars 2006 / lagfært 28. mars 2008). *Vesturbyggð. Aðalskipulag 2006-2018*. Landmótun.

https://content.vesturbyggd.is/wp-content/uploads/2018/07/adalskipulag_vesturbyggd_2006-2018.pdf

Þjóðskrá Íslands. (e.d.). *Fasteignaskrá*. Sótt 15. desember 2019. <http://www.skra.is>

Örnefnaskrár:

Örnefnaskrá Sauðlauksdals (án árs). Ari Gíslason

Munnlegar heimildir:

Borgar Þórisson, Hvalskeri (f. 1965)

Sigurbjörg Sigurbergsdóttir, Hvalskeri (f. 1940)

Loftmyndir:

Loftmyndir ehf., loftmynd frá árinu 2011.

Ljósmyndir:

Bent Bjarnason. Ljósmynd af Sauðlauksdal frá 1902-1917. nr. Lpr-3884. Ljósmyndasafn Íslands – Sarpur. <https://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=651145>


Þorsteinn Jósefsson. Ljósmynd af Sauðlauksdal frá 1939. nr. ÞJ_Barð-338. Ljósmyndasafn Íslands – Sarpur. <https://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=1383391>

Kort:

Generalstabens topografiske Kort (1915 / 1941). 3 NA. *Sauðlauksdalur - Vatneyri*. 1:50.000. Kaupmannahöfn: Generalstabens topografiske Afdeling.


Túnakort af Sauðlauksdal. 1920. Þjóðskjalasafn Íslands. Þórðar Ó. Thorlacius.

7. Kort



8. Fornleifaskrá

Fornleifanr. MÍ	2089-1	Ástand	Ekki sést til fornleifa
Verknr. MÍ	2089	Horfin	ekki vitað
Eldra númer	5 (GÓ,1995); Ba-150:002	Hættumat	Mikil hætta
		Hættuorsök	rask
Sýsla	Vestur-Barðastrandarsýsla	Veggjahæð	-
Sveitarfélag	Vesturbyggð	Veggþykkt	-
Hreppur nr.	4602 (Rauðasandshreppur)	Breidd	-
Landareign	Sauðlauksdalskirkja	Lengd	-
Landnúmer	139918		
Skrásetjari	Óskar Leifur Arnarsson	Lýsing:	Kirkja og kirkjugarður (nr. 2089-2) eru suðaustan við bæjarstæðið í Sauðlauksdal. Elstu heimildir um kirkju á staðnum eru frá um 1200 (D.I. Íslenzkt fornbréfasafn, 12. bindi (1923-1932)).
Heimsótt	26.10.2019		
GPS hnit	A269183 N568936		
Hnitakerfi	ISN93		
M.y.s.	-		
Skekkja	-		
Sérheiti / örnefni	Sauðlauksdalskirkja		
Minjaheild			
Tegund	heimild		
Tegund annað			
Hlutverk	kirkja		
Hlutverk annað			
Aldur	1200-1863		
Friðlýst?	Nei		
Friðlýsa?	Nei		
Varðveislugildi	Hátt		
Minjaspjöll?	Nei		
Gróður	graslendi		



Mynd 12: Kortið sýnir kirkju og kirkjugarð (nr. 2089-2) fyrir miðri mynd. Eldri kirkjur hafa líklega staðið á sama stað og núverandi kirkja eða mjög nálægt. (Teikn. ÓLA á loftmynd frá Loftmyndum ehf.)



Mynd 13: Núverandi kirkja í Sauðlauksdal, byggð 1863, séð mót norðvestur. Vinstra megin sér í nýrra íbúðarhús staðarins (byggt 1955) og hægra megin í steinlimdan kjallara eldra hússins (byggt 1902) sem síðar var notað sem útihús. (Ljós. ÓLA)

Fornleifaskrá

Fornleifanr. MÍ	2089-2	Ástand	Vel greinanlegar fornleifar
Verknr. MÍ	2089	Horfin	vegna áfoks
Eldra númer	6 (GÓ,1995); Ba-150:002	Hættumat	Mikil hætta
		Hættuorsök	rask
Sýsla	Vestur-Barðastrandarsýsla	Veggjahæð	-
Sveitarfélag	Vesturbyggð	Veggþykkt	-
Hreppur nr.	4602 (Rauðasandshreppur)	Breidd	32 m
Landareign	Sauðlauksdalskirkja	Lengd	35 m
Landnúmer	139918		
Skrásetjari	Óskar Leifur Arnarsson	Lýsing:	Núverandi kirkja og kirkjugarður eru í halla suðaustan við bæjarstæðið í Sauðlauksdal. Ekki er vitað hvort núverandi kirkja í Sauðlauksdal standi á eldri kirkjustæðum (nr. 2089-1) jarðarinnar, en núverandi kirkja var reist 1863. Kirkjugarðurinn var áður um 32x35 metrar að stærð, en hefur verið stækkaður til austurs um 11 metra og mælist því í dag um 43x35 metrar. Stækkunin er innan gamla heimatúnsins í Sauðlauksdal. (Túnakort Sauðlauksdals, 1920). Kirkjugarðurinn er enn notaður til greftrunar og við grafartöku árið 2017 kom í ljós hlaðinn kirkjugarðsveggur sem var á 1 meters dýpi undir yfirborði garðsins og hæð hleðslunnar var um 1 meter við grafarbotninn. Ekki var komið niður á eldri grafir eða aðrar minjar við grafartökuna. Jarðvegssniðið samanstóð af hreinum foksandi með þunnum jarðvegslinum á milli. Þetta gæti bent til þess að yfirborð garðsins hafi hækkað vegna sandfoks á liðnum öldum. Sökkull þjónustuhússins er um 4 m sunnan við kirkjugarðinn. Þar voru bara hrein foksandslög í jarðvegssniðum og engir gripir sáust í uppmokstri. Í örnefnaskrá Sauðlauksdals segir: „Ekki eru nein nöfn frá Leitinu og heim að Gili, Bæjargilinu, sem er í miðju túni, rétt framan við kirkjuna, nema Imbubblettur. ... Beint niður af Imbubbletti framan við gilið eru Efritraðir og Neðritraðir. Þar hafði túninu verið skipt með garði, sem vottaði fyrir, líklega eftir fráferurnar. ... Dálítið fyrir neðan kirkjuna beygist gilið, og þar er Neðri-Kirkjuflöt. Efri-Kirkjuflöt er upp að kirkjunni, utan við gilið. Ofan við efri flötina er kirkjugarðurinn og kirkjan.“ (Ö-Sauðlauksdalur).
Heimsótt	26.10.2019		
GPS hnit	A269188 N568943		
Hnitakerfi	ISN93		
M.y.s.	-		
Skekka	1 m		
Sérheiti / örnefni	Sauðlauksdalskirkja		
Minjaheild			
Tegund	garðlag		
Tegund annað			
Hlutverk	kirkjugarður		
Hlutverk annað			
Aldur	1200-2000		
Friðlýst?	Nei		
Friðlýsa?	Nei		
Varðveislugildi	Hátt		
Minjaspjöll?			
Gróður	graslendi		



Mynd 14: Kirka og kirkjugarður eru suðaustan við gamla bæjarstæðið (nr. 2089-6). Í kirkjugarðinum eru leiðin upphlaðin. (Teikn. ÓLA á loftmynd frá Loftmyndum ehf.)



Mynd 15: Sauðlauksdalskirkja og kirkjugarður séð mót suðaustur. Staðsetning þjónustuhússins er í jaðri myndarinnar hægra megin. (Ljós. ÓLA)


Fornleifaskrá

Fornleifanr. MÍ	2089-3
Verknr. MÍ	2089
Eldra númer	
Sýsla	Vestur-Barðastrandarsýsla
Sveitarfélag	Vesturbyggð
Hreppur nr.	4602 (Rauðasandshreppur)
Landareign	Sauðlauksdalskirkja
Landnúmer	139918
Skrásetjari	Óskar Leifur Arnarsson
Heimsótt	26.10.2019
GPS hnit	A269141 N568942
Hnitakerfi	ISN93
M.y.s.	-
Skekka	0-5 m
Sérheiti / örnefni	
Minjaheild	býli
Tegund	heimild
Tegund annað	
Hlutverk	matjurtagarður
Hlutverk annað	
Aldur	1750-1930
Friðlýst?	Nei
Friðlýsa?	Nei
Varðveislugildi	Lítið
Minjaspjöll?	Já
Gróður	gróðurvana


Ástand	Ekki sést til fornleifa
Horfin	sléttað yfir
Hættumat	Mikil hætta
Hættuorsök	rask
Veggjahæð	-
Veggþykkt	-
Breidd	-
Lengd	-

Lýsing: Gamla heimatúnið eins og það er teiknað á túnakorti frá 1920 umlykur bæjarstæðið í Sauðlauksdal, en líklega vegna sandfoks og jarðvegseyðingar er bæjarstæðið sjálft utan túnmarkanna. Túnið liggur upp og fram af suðvestur enda Sauðlauksdalsvatns og um mitt túnið rennur Gilið eða Bæjargil. (Ö-Sauðlauksdalur).

Samkvæmt túnakorti frá 1920 voru kálgarðar jarðarinnar 1.130 m². (Túnakort Sauðlauksdals, 1920). Á ljósmynd sem tekin er mót austsuðaustur yfir bæjarstæðið í Sauðlauksdal á árunum 1902-1917 sjást tveir kálgarðar, annar (nr. 2089-3) fyrir ofan eða vestan kirkjuna og hinn (nr. 2089-6) ofan við íbúðarhúsið sem reist var 1902. Báðir kálgarðarnir hafa verið með hlöðnum garði sem svo hefur verið girt ofaná og sjást girðingastaurar á myndinni. (Sarpur.is: ljósmynd nr. Lpr-3884). Kálgarðurinn vestan við kirkjuna sést ekki í dag. Hugsanlega hefur garðurinn horfið vegna framkvæmda við nýrra íbúðarhúsið sem byggt var 1955, heimkeyrsluna og bílastæðið. Ekki er vitað hvort eitthvað af garðinum er varðveitt neðanjarðar eða hvort honum hefur verið rutt í burt. Kálgarðurinn hefur verið um 20x12 m að stærð.



Mynd 16: Túnakort frá 1920 sýnir matjurtagarð sem hefur verið á bæjarhlaðinu, um 20 m vestan við kirkjugarðinn (nr.2089-2). (Teikn. ÓLA á loftmynd frá Loftmyndum ehf./túnakort frá Þjóðskjalasafni Ísl.)




Mynd 17: Myndin er tekin á árunum 1902-17 og hægra megin sést matjurtagarðurinn. (Ljós. Sarpur.is: ljósmynd nr. Lpr-3884)

Fornleifaskrá

Fornleifanr. MÍ	2089-4
Verknr. MÍ	2089
Eldra númer	
Sýsla	Vestur-Barðastrandarsýsla
Sveitarfélag	Vesturbyggð
Hreppur nr.	4602 (Rauðasandshreppur)
Landareign	Sauðlauksdalskirkja
Landnúmer	139918
Skrásetjari	Óskar Leifur Arnarsson
Heimsótt	26.10.2019
GPS hnit	A568938 N269144
Hnitakerfi	ISN93
M.y.s.	-
Skekka	10 m
Sérheiti / örnefni	Sauðlauksdalur
Minjaheild	býli
Tegund	heimild
Tegund annað	
Hlutverk	óþekkt
Hlutverk annað	
Aldur	1850-1950
Friðlýst?	Nei
Friðlýsa?	Nei
Varðveislugildi	Lítið
Minjaspjöll?	
Gróður	gróðurvana

Ástand	Ekki sést til fornleifa
Horfin	sléttað yfir
Hættumat	Mikil hætta
Hættuorsök	rask
Veggjahæð	-
Veggþykkt	-
Breidd	-
Lengd	-

Lýsing: Á ljósmynd frá 1939 sést lítill lágreistur torfkofi byggður fast austan við kálgarð (nr. 2089-3). Dyrnar á kofanum hafa verið á suðurgafli og snúa mót suðvestur. Ekki er ljóst hvaða tilgangi byggingin þjónaði, en hugsanlega er þetta kaldur geymslukofi fyrir kartöflur o.fl. grænmeti. (Sarpur.is: ljósmynd nr. ÞJ_Barð-338). Byggingin er ekki teiknuð inn á túnakort frá 1920 og ekki ljóst hvort hún var byggð fyrir eða eftir 1920. Byggingin sést ekki í dag. Hugsanlega hefur byggingin horfið vegna framkvæmda við nýrra íbúðarhúsið sem byggt var 1955, heimkeyrsluna og bílastæðið. Ekki er vitað hvort eitthvað af henni er varðveitt neðanjarðar eða hvort henni hefur verið rutt í burt.



Mynd 18: Á ljósmynd frá 1939 sést torfkofi neðan við matjurtagarð (nr. 2089-3). (Teikn. ÓLA á loftmynd frá Loftmyndum ehf./túnakort frá Þjóðskjalasafni Ísl.)



Mynd 19: Hluti úr ljósmynd Þorsteins Jósefssonar frá 1939 sem sýnir torfkofann neðan við matjurtagarðinn vinstra megin á myndinni. Fyrir miðri mynd er gamla íbúðarhúsið (nr. 2089-5) og hægra megin sér í kirkjugarðinn (nr. 2089-2). (Ljósm. Sarpur.is: ljósmynd nr. ÞJ_Barð-338)

Fornleifaskrá

Fornleifanr. MÍ	2089-5
Verknr. MÍ	2089
Eldra númer	2 (GÓ,1995); Ba-150:022

Sýsla	Vestur-Barðastrandarsýsla
Sveitarfélag	Vesturbyggð
Hreppur nr.	4602 (Rauðasandshreppur)
Landareign	Sauðlauksdalskirkja
Landnúmer	139918

Skrásetjari	Óskar Leifur Arnarsson
Heimsótt	26.10.2019
GPS hnit	A269177 N568985
Hnitakerfi	ISN93
M.y.s.	-
Skekka	1 m

Sérheiti / örnefni	Sauðlauksdalur
Minjaheild	býli
Tegund	hús
Tegund annað	
Hlutverk	híbýli
Hlutverk annað	
Aldur	1902-1955

Friðlýst?	Nei
Friðlýsa?	Nei
Varðveislugildi	Talsvert

Minjaspjöll?	
--------------	--

Gróður	graslendi
--------	-----------

Ástand	Heillegar fornleifar
Horfin	Nei
Hættumat	Mikil hætta
Hættuorsök	annað

Veggjahæð	ca. 2,5 m
Veggþykkt	ca. 0,5
Breidd	8 m
Lengd	16 m

Lýsing: Neðan við gamla bæjarstæðið (nr. 2089-5) í Sauðlauksdal, neðan við heimreiðina, er hlaðinn og steinlímdur kjallari gamla íbúðarhússins sem sr. Þorvaldur Jakobsson lét reisa árið 1902. Ofan á kjallaranum stóð bárujárnsklætt timburhús, ein hæð og ris. Húsið var síðar lengt til NA. Nýtt íbúðarhús var reist árið 1955 og eftir það hefur gamla húsið verið rífið, þak sett á hlaðinn kjallarann og húsið notað sem útihús o.fl.

Upphaflegt útlit hússins sést á ljósmynd sem tekin er á árunum 1902-17 (Sarpur.is: ljósmynd nr. Lpr-3884). Skráð byggingarár hússins er 1920 skv. Þjóðskrá Íslands (www.skra.is), en það gæti verið breytingarár, þ.e. árið sem byggt var við húsið til NA. Sr. Þorvaldur var prestur í Sauðlauksdal til ársins 1921. En sá sem hlóð stækkunina var Finnbogi Rútur, sonur sr. Þorvaldar. (GÓ (1995), 39). Í upphafi var grunnflötur hússins 7,53x7,53 m (Birgir Þórisson (2011), 300-301). Loks var hlaðinn við það bílskúr um miðja 20. öld og grunnflötur hússins er um 16x8 m í dag. Ástand hleðslunnar hefur hrakað mikið á síðustu árum. Norðaustur gaflinn hefur hrunið að hluta út og þakið er laust og í slæmum veðrum molnar efst af veggjunum. Húsið tilheyrir jörðinni Sauðlauksdal sem sveitafélagið Vesturbyggð hefur á leigu. Umsjónarmenn kirkjunnar hafa ítrekað látið Ríkiseignir, Vesturbyggð og Lögregluna á Vestfjörðum vita af ástandi hússins og fokhættunnar sem stafar af því, en ekkert hefur gerst. Í nokkur skipti hafa liðsmenn í björgunarsveitinni Bræðrabandinu sinnt útköllum við að koma í veg fyrir foktjón.



Mynd 20: Hlaðinn og steinlímdur kjallari gamla íbúðarhússins stendur norðvestan við kirkjugarðinn. (Teikn. ÓLA á loftmynd frá Loftmyndum ehf.)



Mynd 21: Hlaðinn og steinlímdur kjallari gamla íbúðarhússins séð mót norðvestur. Vinstri helmigurinn er kjallari upphaflega hússins. Hægra helmigurinn er yngri, en byggt hefur verið við húsið í tvö skipti. (Ljós. ÓLA)

Fornleifaskrá

Fornleifanr. MÍ	2089-6
Verknr. MÍ	2089
Eldra númer	1 (GÓ, 1995), Ba-150:001
Sýsla	Vestur-Barðastrandarsýsla
Sveitarfélag	Vesturbyggð
Hreppur nr.	4602 (Rauðasandshreppur)
Landareign	Sauðlauksdalskirkja
Landnúmer	139918
Skrásetjari	Óskar Leifur Arnarsson
Heimsótt	26.10.2019
GPS hnit	A269162 N568981
Hnitakerfi	ISN93
M.y.s.	-
Skekka	1 m
Sérheiti / örnefni	Sauðlauksdalur
Minjaheild	býli
Tegund	heimild
Tegund annað	
Hlutverk	bæjarhóll
Hlutverk annað	
Aldur	900-1950
Friðlýst?	Nei
Friðlýsa?	Nei
Varðveislugildi	Hátt
Minjaspjöll?	Já
Gróður	graslendi

Ástand	Ekki sést til fornleifa
Horfin	sléttað yfir
Hættumat	Mikil hætta
Hættuorsök	rask
Veggjahæð	-
Veggþykkt	-
Breidd	a m k. 35 m
Lengd	a m k. 35 m

Lýsing: Íbúðarhúsið (nr. 2089-5) var reist fyrir neðan gamla torfbæinn sem í eldri fornleifaskráningu er talað um sem bæjarstæði sr. Björns Halldórssonar. Í sömu skýrslu segir að: „Sléttað hefur verið yfir allt bæjarstæðið fyrir mörgum árum. Alvarleg mistök munu einnig hafa átt sér stað í sambandi við lagfæringar á veginum heim að staðnum árið 1993, er jarðýta ruddi burtu undirstöðum framhúsanna. Þetta eru því alvarlegri spjöll þegar haft er haft er í huga að þarna hefur e.t.v. Staðið einn af fyrstu burstabæjum á Íslandi.“ (GÓ (1995), 39).

Á ljósmynd sem tekin er á árunum 1902-17 má greina kálgarð (nr. 2089-7) og burstir torfhúsa sem hafa verið fyrir ofan íbúðarhúsið. Þessar byggingar hafa líklega verið hluti af gömlu bæjarhúsunum. (Sarpur.is: ljósmynd nr. Lpr-3884).

Hættusvæðið þar sem gamli torfbærinn og kálgarður (nr. 2089-7) voru er a.m.k. 35x35 m að stærð, en á þessu svæði og neðan við steinlímnda kjallarann (nr. 2089-5) norðan við kirkjugarðinn (nr. 2089-2) eru miklar líkur á að minjar frá mismunandi tímum séu undir yfirborðinu, þó lítið sjáist ofanjarðar.



Mynd 22: Íbúðarhús sr. Þorvaldar Jakobssonar var reist neðan (austan) við gamla bæinn. (Teikn. ÓLA á loftmynd frá Loftmyndum ehf./túnakort frá Þjóðskjalasafni Ísl.)



Mynd 23: Hluti úr ljósmynd Bents Bjarnasonar, tekin á árunum 1902-17. Hægra megin við íbúðarhúsið (nr. 2089-5) sér í a.m.k. 3 burstir torfhúsa sem hafa verið hluti af gamla bænum. (Ljós. Sarpur.is: ljósmynd nr. Lpr-3884)

Fornleifaskrá

Fornleifanr. MÍ	2089-7
Verknr. MÍ	2089
Eldra númer	
Sýsla	Vestur-Barðastrandarsýsla
Sveitarfélag	Vesturbyggð
Hreppur nr.	4602 (Rauðasandshreppur)
Landareign	Sauðlauksdalskirkja
Landnúmer	139918
Skrásetjari	Óskar Leifur Arnarsson
Heimsótt	26.10.2019
GPS hnit	A269156 N568988
Hnitakerfi	ISN93
M.y.s.	-
Skekka	1 m
Sérheiti / örnefni	
Minjaheild	býli
Tegund	heimild
Tegund annað	
Hlutverk	matjurtagarður
Hlutverk annað	
Aldur	1750-1930
Friðlýst?	Nei
Friðlýsa?	Nei
Varðveislugildi	Talsvert
Minjaspjöll?	Já
Gróður	graslendi


Ástand	Illgreinanlegar fornleifar
Horfin	sléttað yfir
Hættumat	Mikil hætta
Hættuorsök	rask
Veggjahæð	-
Veggþykkt	-
Breidd	ca. 30 m
Lengd	ca. 23 m

Lýsing: Gamla heimatúnið eins og það er teiknað á túnakorti frá 1920 umlykur bæjarstæðið í Sauðlauksdal, en líklega vegna sandfoks og jarðvegseyðingar er bæjarstæðið sjálft utan túnmarkanna. Túnið liggur upp og fram af suðvestur enda Sauðlauksdalsvatns og um mitt túnið rennur Gilið eða Bæjargil. (Ö-Sauðlauksdalur).

Samkvæmt túnakorti frá 1920 voru kálgarðar jarðarinnar 1.130 m². (Túnakort Sauðlauksdals, 1920). Á ljósmynd sem tekin er mót austsuðaustur yfir bæjarstæðið í Sauðlauksdal á árunum 1902-1917 sjást tveir kálgarðar, annar (nr. 2089-3) fyrir ofan eða vestan kirkjuna og hinn (nr. 2089-7) ofan við íbúðarhúsið sem reist var 1902. Báðir kálgarðarnir hafa verið með hlöðnum garði sem svo hefur verið girt ofaná og sjást girðingastaurar á myndinni. (Sarpur.is: ljósmynd nr. Lpr-3884). Hugsanlega sér aðeins móta fyrir kálgarðinum ofan við íbúðarhúsið, en það svæði hefur þó verið sléttað. Á túnakortinu frá 1920 hefur kálgarðurinn og ef eitthvað stóð eftir af gömlu bæjarhúsunum verið teiknað sem ein heild. Stærð þessa svæðis á túnakortinu er um 23x30 m.



Mynd 24: Á túnakorti frá 1920 er kálgarður teiknaður vestan við íbúðarhúsið (nr. 2089-5) en ekki ljóst hvort eitthvað af gamla torfbænum (nr. 2089-6) var þá uppistandandi. (Teikn. ÓLA á loftmynd frá Loftmyndum ehf./túnakort frá Þjóðskjalasafni Ísl.)



Mynd 25: Hluti úr ljósmynd Bents Bjarnasonar, tekin á árunum 1902-17. Fyrir ofan íbúðarhúsið (nr. 2089-5) sést girtur kálgarðurinn. (Ljós. Sarpur.is: ljósmynd nr. Lpr-3884)

Fornleifaskrá

Fornleifanr. MÍ	2089-8
Verknr. MÍ	2089
Eldra númer	
Sýsla	Vestur-Barðastrandarsýsla
Sveitarfélag	Vesturbyggð
Hreppur nr.	4602 (Rauðasandshreppur)
Landareign	Sauðlauksdalskirkja
Landnúmer	139918
Skrásetjari	Óskar Leifur Arnarsson
Heimsótt	26.10.2019
GPS hnit	A269188 N568992
Hnitakerfi	ISN93
M.y.s.	-
Skekka	10 m
Sérheiti / örnefni	
Minjaheild	býli
Tegund	heimild
Tegund annað	
Hlutverk	útihús
Hlutverk annað	
Aldur	1850-1920
Friðlýst?	Nei
Friðlýsa?	Nei
Varðveislugildi	Lítið
Minjaspjöll?	
Gróður	graslendi

Ástand	Ekki sést til fornleifa
Horfin	sléttað yfir
Hættumat	Mikil hætta
Hættuorsök	rask
Veggjahæð	-
Veggþykkt	-
Breidd	-
Lengd	-

Lýsing: Á ljósmynd sem tekin er á árunum 1902-17 má sjá í byggingu sem hefur verið skammt norðaustan við íbúðarhúsið (nr. 2089-5). Byggingin hefur verið með hlöðnum veggjum og glugga á mæni sem hefur snúið í norðvestur. Ekki er vitað hvaða tilgangi þessi bygging þjónaði. Stærð hennar er ekki þekkt. Hún er ekki teiknuð inn á túnakortið árið 1920 og hefur því líklega verið búið að rífa hana þá. Erfitt er að greina á ljósmyndinni hversu nálægt íbúðarhúsinu byggingin hefur staðið og hvort hugsanlegt sé að hlutar hennar hafi lent undir viðbyggunni við íbúðarhúsið. (Sarpur.is: ljósmynd nr. Lpr-3884).



Mynd 26: Staðsetning byggingar (nr. 2089-8) er gróflega áætluð út frá ljósmynd Bents Bjarnasonar sem er hér að neðan. (Teikn. ÓLA á loftmynd frá Lofimyndum ehf.)



Mynd 27: Hluti úr ljósmynd Bents Bjarnasonar, tekin á árunum 1902-17. Vinstra megin við íbúðarhúsið (nr. 2089-5) byggingu með hlöðnum veggjum. (Ljósm. Sarpur.is: ljósmynd nr. Lpr-3884)

Fornleifaskrá

Fornleifanr. MÍ	2089-9
Verknr. MÍ	2089
Eldra númer	
Sýsla	Vestur-Barðastrandarsýsla
Sveitarfélag	Vesturbyggð
Hreppur nr.	4602 (Rauðasandshreppur)
Landareign	Sauðlauksdalskirkja
Landnúmer	139918
Skrásetjari	Óskar Leifur Arnarsson
Heimsótt	26.10.2019
GPS hnit	A269173 N568967
Hnitakerfi	ISN93
M.y.s.	-
Skekka	10 m
Sérheiti / örnefni	
Minjaheild	býli
Tegund	heimild
Tegund annað	
Hlutverk	óþekkt
Hlutverk annað	
Aldur	1850-1920
Friðlýst?	Nei
Friðlýsa?	Nei
Varðveislugildi	Lítið
Minjaspjöll?	
Gróður	graslendi

Ástand	Ekki sést til fornleifa
Horfin	ekki vitað
Hættumat	Mikil hætta
Hættuorsök	rask
Veggjahæð	-
Veggþykkt	-
Breidd	-
Lengd	-

Lýsing: Á ljósmynd sem tekin er á árunum 1902-17 má sjá litla skúrbyggingu sem hefur staðið á milli íbúðarhússins (nr. 2089-5) og kirkjugarðsins (nr. 2089-2). Af myndinni að dæma virðist byggingin hafa verið úr timbri og með einhalla þaki og hæsti punktur þess snúið að íbúðarhúsinu. Ekki er vitað hvaða tilgangi þessi bygging þjónaði, en hugsanlega hefur þetta verið brunnhús, kamar eða lítill geymsluskúr. Stærð hennar er ekki þekkt. (Sarpur.is: ljósmynd nr. Lpr-3884). Byggingin er ekki teiknuð inn á túnakort frá 1920 og hefur líklega verið horfin þá.



Mynd 28: Staðsetning lítillar byggingar (nr. 2089-9) er gróflega áætluð út frá ljósmynd Bents Bjarnasonar sem er hér að neðan. (Teikn. ÓLA á loftmynd frá Loftmyndum ehf.)



Mynd 29: Hluti úr ljósmynd Bents Bjarnasonar, tekin á árunum 1902-17. Hægra megin á myndinni sést lítil bygging sem ekki er vitað hvaða tilgangi þjónaði. (Ljósm. Sarpur.is: ljósmynd nr. Lpr-3884)


Fornleifaskrá

Fornleifanr. MÍ	2089-10
Verknr. MÍ	2089
Eldra númer	11 (GÓ, 1995); Ba-150:083
Sýsla	Vestur-Barðastrandarsýsla
Sveitarfélag	Vesturbyggð
Hreppur nr.	4602 (Rauðasandshreppur)
Landareign	Sauðlauksdalskirkja
Landnúmer	139918
Skrásetjari	Óskar Leifur Arnarsson
Heimsótt	26.10.2019
GPS hnit	A269208 N568960
Hnitakerfi	ISN93
M.y.s.	-
Skekkja	10 m
Sérheiti / örnefni	Traðir
Minjaheild	býli
Tegund	heimild
Tegund annað	
Hlutverk	traðir
Hlutverk annað	
Aldur	1750-1900
Friðlýst?	Nei
Friðlýsa?	Nei
Varðveislugildi	Lítið
Minjaspjöll?	
Gróður	graslendi

Ástand	Ekki sést til fornleifa
Horfin	vegna áfoks
Hættumat	Mikil hætta
Hættuorsök	rask
Veggjahæð	-
Veggþykkt	-
Breidd	-
Lengd	-

Lýsing: Í eldri fornleifaskráningu segir: „Traðir lágu frá gamla bæjarstæðinu, niður með kirkjugarðinum austanverðum, niður að vatninu. Í dag eru traðirnar horfnar í sand, gróið yfir þær, og sést ekki móta fyrir þeim á yfirborði.“ (GÓ (1995), 45).

Í örnefnaskrá Sauðlauksdals segir: „Ekki eru nein nöfn frá Leitinu og heim að Gili, Bæjargilinu, sem er í miðju túni, rétt framan við kirkjuna, nema Imbubblettur. ... Beint niður af Imbubbletti framan við gilið eru Efritraðir og Neðritraðir. Þar hafði túninu verið skipt með garði, sem vottaði fyrir, líklega eftir fráfærurnar. Neðan Traða er oddmynduð tunga, er skapazt hefur af gilinu annars vegar og smálæk hins vegar. Þetta svæði heitir Dagsláttu. Rétt fyrir framan hana voru Dalshús. Vegurinn liggur um túnið milli Neðritraða og Dagsláttu. ... Dálítið fyrir neðan kirkjuna beygist gilið, og þar er Neðri-Kirkjuflöt. Efri-Kirkjuflöt er upp að kirkjunni, utan við gilið. Ofan við efri flötina er kirkjugarðurinn og kirkjan.“ (Ö-Sauðlauksdalur).



Mynd 30: Samkvæmt fornleifaskráningu Guðmundar Ólafssonar lágu traðir frá gamla bæjarstæðinu (nr. 2089-6) niður að vatni. (Teikn. ÓLA á loftmynd frá Loftmyndum ehf.)

Fornleifaskrá

Fornleifanr. MÍ	2089-11
Verknr. MÍ	2089
Eldra númer	
Sýsla	Vestur-Barðastrandarsýsla
Sveitarfélag	Vesturbyggð
Hreppur nr.	4602 (Rauðasandshreppur)
Landareign	Sauðlauksdalskirkja
Landnúmer	139918
Skrásetjari	Óskar Leifur Arnarsson
Heimsótt	26.10.2019
GPS hnit	A269146 N568895
Hnitakerfi	ISN93
M.y.s.	-
Skekkja	10 m
Sérheiti / örnefni	
Minjaheild	býli
Tegund	heimild
Tegund annað	
Hlutverk	tún
Hlutverk annað	
Aldur	900-1975
Friðlýst?	Nei
Friðlýsa?	Nei
Varðveislugildi	Talsvert
Minjaspjöll?	
Gróður	ræktað land


Ástand	
Horfin	ekki vitað
Hættumat	Mikil hætta
Hættuorsök	rask
Veggjahæð	-
Veggþykkt	-
Breidd	300 m
Lengd	500 m

Lýsing: Gamla heimatúnið eins og það er teiknað á túnakorti frá 1920 umlykur bæjarstæðið í Sauðlauksdal, en líklega vegna sandfoks og jarðvegseyðingar er bæjarstæðið sjálft utan túnmarkanna. Túnið liggur upp og fram af suðvestur enda Sauðlauksdalsvatns og um mitt túnið rennur Gilið eða Bæjargil. (Ö-Sauðlauksdalur).


Samkvæmt túnakorti frá 1920 var stærð túnsins 8,4 ha og 3/4 sléttur. Kálgarðar voru 1.130 m². (Túnakort Sauðlauksdals, 1920).

Líklega hefur túnið verið handsléttað og ekki heimildir um að það hafi verið ræktað upp með vélum.

Dæmin sýna að margfalt meiri líkur eru á að áður óþekktar fornleifar finnist innan gamalla heimatúna en utan þeirra. Leita verður umsagnar Minjastofnunar Íslands vegna allra framkvæmda innan gamla túnsins. Það skal þó tekið fram að framkvæmdasvæðið við suðvestur horn kirkjugarðsins er í halla niður að Bæjargili og ólíklegt að þar hafi áður verið reist mannvirki. Jarðvegssniðin á framkvæmdasvæðinu samanstóðu af hreinum foksandi með þunnum jarðvegslinum á milli. Ekkert grjót eða gripir voru sjáanleg í sniðum eða uppmokstri þar.



Mynd 31: Kortið sýnir u.þ.b. staðsetningu gamla heimatúnsins (rauð punktalína) í Sauðlauksdal. Deiliskipulagssvæðið (blátt) er fyrir miðju korti. (Teikn. ÓLA á loftmynd frá Loftmyndum ehf.)



Mynd 32: Hnitsett túnakort frá 1920 til samanburðar við loftmyndakortið hér að ofan. (Teikn. ÓLA á túnakort frá Þjóðskjalasafni Ísl.)